

Minnihlutastjórnin gerir lítið úr stjórnskipun Íslands

Sigríður Á. Andersen, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, telur að misskilningur sé á ferðinni varðandi tilhögun kosninga til Alþingis, jafnvel meðal alþingismanna. Þá telur Sigríður einnig að núverandi minnihlutastjórn geri lítið úr stjórnskipan landsins.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fullyrti fyrir skömmu að kjósendur gætu í núverandi kerfi einungis haft svokölluð „neikvæð áhrif“ á röð frambjóðenda þess lista sem þeir kjósa og vísar þar til þess möguleika kjósenda að strika út nafn einhvers frambjóðanda. Þessu er Sigríður ósammála.

„Það er rangt að segja að útstrikanir hafi neikvæð áhrif því um leið og einn frambjóðandi fellur niður færast annar upp. Illugi Gunnarsson færðist þannig upp um eitt sæti í Reykjavík vegna útstrikanna.“

Þá bendir Sigríður jafnframt á að útstrikanir séu þó ekki eini kostur kjósenda enda séu núgildandi kosningalög afdráttarlaus um þann möguleika kjósenda að breyta röð allra frambjóðenda með því að setja númer fyrir fram þau nöfn sem þeir vilja hafa áhrif á. Þá séu kosningalög einnig mjög skýr hvað þetta varðar en orðrétt segir í lögnum:

„Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.“

Aðspurð telur Sigríður það óskiljanlegt að minnihlutastjórn skuli nota stuttan starfstíma sinn til þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið.

„Það er óskiljanlegt að minnihlutastjórn vinstri manna kjósi að nýta þessa fáu daga sem hún hefur við stjórnvölinn til þess að gera lítið úr nánast öllu sem viðkemur stjórnskipan þessa lands.“